



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/1112**  
**komudagur 22.1.2008**

**Námsnefnd í MA námi í náms- og starfsráðgjöf**  
**Félagsvísindadeild**  
**Háskóla Íslands**  
**101 Reykjavík**

**Nefndasvið Alþingis**  
**Menntamálanefnd**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

**Umsögn um frumvarp til laga um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007-2008.**

Reykjavík, 18. janúar 2008

Námsnefnd í MA námi í náms- og starfsráðgjöf við félagsvísindadeild Háskóla Íslands óskar eftir að koma eftirfarandi á framfæri við menntamálanefnd Alþingis.

Í markmiðsgrein lagafrumvarpsins segir: *Markmið laganna er að tryggja að þeir sem leggja stund á kennslu- og uppeldisstörf í leik-, grunn- og framhaldsskólum hafi menntun í samræmi við störf þeirra og ábyrgð.*

Í frumvarpinu er síðan kveðið á um lögverndun starfsheita leikskólakennara, grunnskólakennara og framhaldsskólakennara, en ekki náms- og starfsráðgjafa. Það er álit námsnefndar MA náms í náms- og starfsráðgjöf að hér eigi að tilgreina náms- og starfsráðgjafa þar sem þeir leggja stund á mikilvæg uppeldis- og fræðslustörf og á að gera jafnmiklar kröfur til þeirra um menntun og til kennara. Ábyrgðin sem lögð er á herðar náms- og starfsráðgjöfum er mikil og skiptir miklu að undirbúningur undir starfið sé eins góður og kostur er.

Í MA námi náms- og starfsráðgjafa eru nemendur búnir undir að sinna persónulegri ráðgjöf t.d. með viðtalstækniþjálfun, náms- og starfsráðgjöf, náms- og starfsfræðslu, mati, þ.á.m. raunfærnimati, námstækni og fleiru sem kemur inn á starfssvið náms- og starfsráðgjafa. Þá fá nemendur einnig rannsóknþjálfun. Í starfsþjálfun og starfstengdum verkefnum fá nemendur þjálfun í að skipuleggja vinnu sína og ráða við að leiðbeina nemendum um skólakerfið, þ.m.t. að ráða við þær hindranir sem verða í veginum. Hér er því um vandasamt starf að ræða sem þjálfað er til í tveggja ára framhaldsnámi til meistaraþrófs. Það gilda alveg sömu rök um lögverndun þessa starfs, eins og um starf kennara á leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólastigi.

Þá er það sjálfsögð krafa að skjólstæðingar okkar viti að sá sem titlar sig náms- og starfsráðgjafa kunnir fagleg vinnubrögð á þessu sviði.

Örar samfélagsbreytingar gera það að verkum að náms- og starfsval verður mun flóknara verkefni úrlausnar en áður var. Skólakerfið er orðið margbrotnarra og samofið atvinnulífmu. Á sama tíma er skólakerfið opnað fyrir fólki sem áður sótti ekki skóla. Í frumvarpi til framhaldsskólalaga er enn verið að auka kröfur til þess að fólk ljúki framhaldsskólanámi með því að lengja fræðsluskyldudur til 18 ára aldurs og bæta við starfstengdum námsbrautum. Þetta gerir það að verkum að fleiri þurfa að standast kröfur í námi, oft er um að ræða fólk sem stendur höllum fæti félagslega. Þetta rímar saman við að í þekkingarsamfélagi er starfsferill fólks orðinn mun margbreyttari en var, t.d. skiptir fólk örrar um starf en áður. Gerðar eru kröfur um að fólk auki færni sína og kunnir að athafna sig við sýbreytilegar aðstæður. Allt eykur þetta tilfinningalegt álag á einstaklingana og það að ráða við það álag og ráða við að skipuleggja starfsferil sinn er alveg jafn nauðsynleg kunnátta eins og það að kunna til starfa. Þörf fyrir náms- og starfsráðgjöf hefur skapast við þessar aðstæður og víða um lönd er nú kappkostað að efla náms- og starfsráðgjöf.

Á undanförmum árum hefur starf náms- og starfsráðgjafa verið undir smásjá í bæði OECD löndum og innan ESB. Menn hafa séð að náms- og starfsráðgjöf skiptir mjög miklu máli í þekkingarþjóðfélaginu. Fjórar alþjóðlegar stefnumótunarráðstefnur hafa verið haldnar um málefni náms- og starfsráðgjafar, tvær umfangsmiklar skýrslur komu út á vegum OECD og nú kröftug stefnumótunarvinna hafin á vegum ESB og þar á Ísland aðild.

Í námsnefnd sitja:

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, dósent


Sif Einarsdóttir, dósent


Ásta Gunnlaug Briem, fulltrúi 1. árs nema

Ingibjörg Þórdís Þórisdóttir, fulltrúi 2. árs nema

Jónína Ó. Kárdal, áheyrnarfulltrúi Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands

f.h. námsnefndar

  
Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, dósent

  
Sif Einarsdóttir, dósent